

**Mál nr. 201/2017****M  
og  
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar útgerðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er sjómaður varð fyrir meiðslum um borð í fiskiskipi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.6.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 29.6.2017, ásamt fylgigögnum og gögnum sem síðar voru send nefndinni að hennar beiðni, þ.e. útdráttur úr skipsdagbók og tjónstilkynning til Sjúkratrygginga Íslands.

**Málsatvik.**

Hinn 11. júlí 2014 varð M fyrir meiðslum á hægri ökkla við störf um borð í fiskiskipinu K. Í skipsdagbók K er skráð að kl. 6:00 hafi einn úr áhöfn skipsins komið og tilkynnt að M hafi misstigið í vinnslu við bretti og ökklinn verið kældur og hlúð hafi verið að honum.

Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 15. júlí 2014, sem undirrituð er af M og útgerð K, segir að M hafi verið við vinnu við að stafla bretti í pökkunarrými og hafi verið að stíga niður af stöflunarpalli þegar hann hafi misstigið sig á hægri ökkla á rúllubandi neðan við stöflunaraðstöðu.

Í málskoti er atvikum svo lýst að M hafi verið að störfum við vinnu sína í pökkunarrými K. Klárast hafi af plastrúllu, sem sé algengt og alvanalegt, svo hann hugðist ná í aðra rúllu. Til þess hafi þurft að fara yfir nokkrar torfæur. Hann hafi þurft að byrja á því að stíga á snúningspall, sem notaður er til að snúa brettum til að pakka þeim í plast. Síðan hafi hann þurft að stíkla á milli teina fyrir vagna, sem brettin fara á, og járna sem skynjarar fyrir brettin eru fest við. Einnig hafi hann orðið að gæta þess „að stíga það langt að hann kæmist yfir drifkeðjuna, sem var í miðjunni“. Hafi hann rekið fótinn í eitthvað af þessum fyrirstöðum, þ.e. járn, teina eða skynjara. Hann geri sér ekki grein fyrir hvað af þessu það var, en við höggið fípaðist honum, komið illa niður og fóturinn snúist illa um ökkla. Strax eftir slysið hafi M orðið óvinnufær og verið það í töluverðan tíma eftir slysið.

Vinnuveitandi hafi tilkynnt um slysið til Sjúkratrygginga Íslands en ekki til rannsóknarnefndar samgönguslysa og því sé engin rannsóknarskýrsla til um atvikið eða aðstæður fyrir og eftir að það gerðist. Eftir slysið hafi aðstæður á slysstað um borð í K verið lagfærðar með því að trefjaplastgrindur hafi verið settar yfir svæðið til að koma í veg fyrir slysaþættu af völdum áðurnefndra hindrana.

M kveður líkamstjón sitt mega rekja til hættulegra aðstæðna um borð í K sem auðvelt og ódýrt hafi verið að koma í veg fyrir eins og gert var. Útgerð K beri því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans og krefst hann bóta úr ábyrgðartryggingu útgerðar K hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

**Álit.**

M hefur áður skotið ágreiningsefni þessu til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, en með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 176/2016 var kröfu M um að viðurkenndur yrði réttur hans til bóta úr ábyrgðartryggingunni vísað frá, þar eð hann hafði ekki áður lagt slíka kröfu fyrir V eins og áskilið er svo unnt sé að leita til nefndarinnar, sbr. fyrri málslið 2. mgr. 5. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nr. 1090/2005.

Ekki virðist um það deilt að M hafi verið við vinnu í pökkunarrými um borð í K er hann hugðist sækja plastrúllu er hann hafi misstigið sig illa og orðið fyrir meiðslum á hægri ökkla. Í skipsdagbók K er um sjálft atvikið einungis skráð að M hafi misstigið sig. Sama máli gegnir í sameiginlegri tjónstilkynningu M og útgerðar K til Sjúkratrygginga Íslands að hann hafi misstigið sig á hægri ökkla á rúllubandi neðan við stöflunaraðstöðu er hann steig niður af stöflunarpalli. Þessa lýsingu á málsatvikum, sem M stendur að ásamt útgerð K, verður að leggja til grundvallar um það hvernig M varð fyrir meiðslunum. Samkvæmt því verður að telja ósannað að slysið hafi orðið vegna þeirra

atvika sem M lýsir í málskoti. Eins og hér stóð hefur það ekki þýðingu fyrir úrslit málsins þótt atburðurinn hafi ekki verið tilkynntur rannsóknarnefnd samgönguslysa. Líkamstjón M verður því ekki rakið til aðstæðna í þökkunarrýminu eins og þær voru þegar slysið varð. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu útgerðar K hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu útgerðar K hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.